

Umsögn íbúaráðs Kjalarness dags 11. mars 2021 um tillögu að starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis vegna skotvalla á Álfsnesi.

Frá upphafi starfsemi skotæfingasvæðanna á Álfsnesi hefur hávaðamengun truflað íbúa og landeigendur í nágrenni við skotsvæðin. Þrátt fyrir kvartanir um langan tíma og dómsmál hefur engin sjáanlegur vilji borgaryfirvalda verið í þá átt að skapa sátt eða finna lausn á þessu máli. Framlenging starfsleyfis til tveggja ára bendir ekki til mikils vilja til sáttar.

Nýleg skýrsla HER um hljóðmælingar í nágrenni skotæfingasvæðanna er heldur ekki til að bera klæði á vopnin. Mikill munur er á niðurstöðum hljóðmælinga HER annarsvegar og á niðurstöðu mælinga verkfræðistofunnar Trivium sem var framkvæmd 19.10.2019 þegar skotæfingar stóðu yfir. Umræddar mælingar Trivium fékk íbúaráð Kjalarness sendar með erindi íbúa sem er í fylgiskjali með þessari umsögn. Við hljóðmælingar HER, þann 15 sept 2020, virðist sem lítil eða engin starfsemi hafa verið á æfingasvæðunum, heldur einungis verið skotið af skyttu á vegum skotfélags eftir pöntunum, engar upplýsingar um haglabyssu, skotin né eftirlit með framkvæmd skyttunnar. Ekki er heldur tilgreint hver vindáttin var, einungis að vindur hafi verið undir 5 m/s. Skothvellir eru mjög snarpir og því þarf mælitími og viðbragð hljóðmælis, þ.e.a.s. tímastilling á hljóðmæli að endurspegla það með I stillingu annars mælist toppur hljóðsins ekki.

Íbúaráðið gagnrýnir að ekki hafi farið fram rannsókn á mengun í jarðvegi líkt og fyrri starfsleyfi kváðu á um. Í þessu nýja starfsleyfi sem er hér til umsagnar er verið að gefa 6 mánaða frest til að gera slíka rannsókn, eftir að starfsleyfið hefur verið gefið út. Með því er ábyrgðinni komið yfir á framtíðina þar sem slík rannsókn ætti að sjálfsgöðu að vera forsenda nýs starfsleyfis en ekki gerð eftirá.

Í ljósi þessa óvissupátta sem koma fram krefjumst við þess að fenginn verði óháður aðili til að meta með HER og verkfræðistofunni Trivium þennan mikla mun sem er á þeirra mælingum. Íbúaráð Kjalarness hafnar með öllu að nokkurt starfsleyfi verði gefið út fyrir skotæfingasvæðin á Álfsnesi vegna þessara óvissupátta. Svör þurfa að koma fyrst og áætlun um flutning starfsemi vallanna á tilgreint svæði þar sem sátt geti ríkt.